



Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 12.4.2017  
Tilvísun: 201704-0018

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu leiguíbúða, 285. mál.**

Í tengslum við kjarasamninga í maí 2015 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um húsnæðismál. Í kjölfarið voru sett lög um Almennar íbúðir sem leggja grunn að uppbyggingu leigufélaga án hagnaðarsjónarmiða („non profit“) fyrir fólk í tveimur lægstu tekjufimmtungunum. Leigukerfið er m.a. fjármagnað með stofnaframlögum frá ríkis og sveitarfélögum sem jafngilda 30% af stofnakostnaði íbúðanna. Alþýðusamband Íslands mat þörfina fyrir uppbyggingu í hinu nýja kerfi að lágmarki um 1.000 íbúðir á ári fyrstu fimm árin en ríkisstjórnin var ekki tilbúin til að mæta þeirri kröfu og niðurstaðan varð loforð um stofnframlög til bygginga á 2.300 íbúðum á fjórum árum. Mat ASÍ á þörfinni er óbreytt og leggur því til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz  
hagfræðingur ASÍ